



STEFNUMÓTUN OG ÍMYND
FERÐAÞJÓNUSTU Á REYKJANESI

MARKAÐSSTOFA REYKJANES
OG KAPALL



EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT ÚR STEFNUMÓTUNARVINNU	2
HAF OG STRÖND	2
HAF OG STRÖND SAMANTEKT	4
FÓLK, SAGA OG MENNING	5
FÓLK SAGA OG MENNING SAMANTEKT	6
FLUGVÖLLURINN OG NÁLÆGÐIN VIÐ REYKJAVÍK	7
FLUGVÖLLURINN OG NÁLÆGÐIN VIÐ REYKJAVÍK SAMANTEKT	9
HEILSA OG VELLÍÐAN	10
HEILSA OG VELLÍÐAN SAMANTEKT	12
JÖRÐ OG ORKA	13
JÖRÐ OG ORKA SAMANTEKT	16
SKORKORT	17

SAMANTEKT ÚR STEFNUMÓTUNARVINNU

Hópnum var skipt upp í fimm hópa með áherslu á mismunandi þema, þar sem rætt var undir stjórn hópstjóra hvað skipti mestu máli fyrir vörumerkið Reykjanes og til hvaða leiða eða sértækra aðgerða þurfi að grípa til þess að ná fram því sem mestu máli skiptir. Ekki náðist í öllum hópunum að ræða um hvaða aðgerða þurfi að grípa til en þess í stað var farið ítarlega í hvað skiptir mestu máli og því ekki að finna þá punkta í öllum þemum hér að neðan. Einnig fór einn hópurinn þá leið að gera SVOT-greiningu þ.e.a.s. nefna styrkleika, vikleika, ógnanir og tækifæri þess þema sem þeir unnu með. Í lok hvers þema er samantekt á því sem stóð upp úr hverju sinni. Að lokum er sett fram skorkort sem sýnir þær áherslur sem komu fram.

Þemun voru

- Haf og strönd
- Fólk, saga og menning
- Flugvöllurinn og nálægðin við Reykjavík
- Heilsa og vellíðan
- Jörð og orka

HAF OG STRÖND

Punktar frá vinnuhópum:

Hrá og kraftmikil náttúra og upplifun í einveru – tengsl við móður jörð, viðsýnið, sjálfsmynd svæðisins og saga. Getum við verið mekka saltfisksins?

Hvað skipti mestu máli fyrir vörumerkið Reykjanes

- Víðsýni (milljón dollara útsýni)
- Saga strandarinnar og mannlífið – fræðsla og meðvitund mótar hversdaginn
- Upplifun á sjó og við ströndina: Brimið (hrikaleg náttúra, tengsl við móðir jörð) köfun, norðurljósin frá sjó, skúlptúr úr rekavið, sjósund, gönguferðir með leiðsögn fjölbreyttar gönguleiðir meðfram strandlengjunni og fjölbreyttar strandir, sjóstöng, hvalaskoðun, strandveiði, náttúruskoðun, Fuglalíf við ströndina (öðruvísi fuglaskoðun) t.d. við Hafnarberg
- Lífríkið í sjónum og matarhefð (fræðsla í þekkingarsetri, söl og fleira)
- Markaðssetja svæðið fyrir erlenda vísindamenn, efa vísindi, rannsóknir og kennslu, tengja t.d. við talning hvala í Garði.

- Búa til nýjar matarhefðir – einn veitingastaður sem þú verður að heimsækja – taka alla leið.
- Skipströnd, hafið gaf og hafið tók, skipskaðar og sögur
- Stutt í hráa og óbeislaða náttúru – upplifun hvítfryssandi brim
- Umlukin hafi og víðsýni.
- Útræði, öll sjávarþorpin og verbúðir. Fiskvinnsla og ferðamenn sbr. Stakkavík Grindavík
- Samfélag förumanna / vörður
- Hrár kraftur og orka sem hefur mótað hversdaginn og töffara á Reykjanesi
- “Gullni hringurinn”: Ósabotnar, Reykjanes, Garður, Sandgerði – strandleið
- Vetrartraffík að aukast á jarðvanginum
- Komast á bryggjuna að sjá fiskinn
- Vitar á Reykjanesi 13 talsins
- Hvernig er lífið á sjó?
- Þú og hafið
- Ferskt sjávarfang allt árið (ekki bara fiskur, ferskleiki og aftur ferskleiki)
- Sérhæfa okkur í fiski, veitingasala

Til hvaða leiða eða sértækra aðgerða þarf að grípa til þess að ná fram því sem mestu máli skiptir.

- Klára hringveginn, vegagerð og fl.
- Það vantar fleiri leiðsögumenn og fagfólk í ferðapjónustu á staðnum (kokkar, leiðsögumenn og fl)
- Gera göngustíga við ströndina
- Vantar salernisaðstöðu á Reykjanesi annars ekki hægt að bjóða upp á brim
- Hvað eiga ferðamenn að gera við aflann er hægt að bjóða upp á að þeir eldi hann á veitingastöðum eða á bátum (leyfi)
- Vakning í útgerð að búa til ímynd gagnvart fiski, efla vitund í sjávarútvegi, tala upp sjávarútveg (auðlindastefna sbr. Grindavík)
- Hafa meira úthald, t.d. Tilboð á ferðum og afþreyingu

- Ferðamenn hafa áhyggjur af saltinu í saltfisknum (samt búið að taka saltið út), misskilningur í nafninu (mið evrópa veit ekki hvað þetta er) segja meira frá sögu saltfisksins. Enginn í Grindavík að framleiða saltfisk. Fluttur út. Dalvíkingar sérhæfa sig í saltfiski, sérútvatnaður til steikingar
- Reykjanesið er eins og flugstöð allir að fara eitthvað
- Koma því betur á framfæri að fólk viti að það getur verið á Reykjanesinu og keyrt þaðan
- Vantar vettvang eða tillögur að ferðum fyrir upplifanir
-

HAF OG STRÖND SAMANTEKT

Það sem helst var talið skipta máli var hrá og kraftmikilli náttúra, tengsl við móður náttúru og upplifanir af henni. Eftirfarandi dæmi voru tekin um möguleika á upplifunum en þar var fyrst bent á brimið og víðsýni, norðurljósinn frá sjó, gönguferðir með leiðsögn um fjölbreyttar strandir, sjóstöng, hvalaskoðun, strandveiði, köfun, náttúruskoðun og öðruvísi fuglaskoðun. Einnig var lögð áhersla á sögu og mannlíf á svæðinu eins og sögu strandarinnar og því að vekja athygli á sjávarþorpunum, verbúðunum og fiskvinnslunni. Auk þess var bent á samfélag förumanna og sögur af lífinu á sjónum og af skipsköðum (Hafið gaf og hafið tók). Lögð var áhersla á að kynna þurfi lífríkið í sjónum og matarhefðir í tengslum við veitingastaði sem bjóði upp á sjávarfang af svæðinu og stefna að því að verða svæði sem sérhæfi sig í fiski (saltfiski) og veitingasölu með áherslu á ferskt sjávarfang allt árið. Í lokin má nefna hugmyndir sem komu fram um að markaðssetja svæðið fyrir erlenda vísindamenn og “Gullna hring” Reykjanessins þar sem farin væri strandleiðin.

Aðgerðir sem þátttakendur töldu góðar til þess að geta mætt hugmyndunum hér að ofan, var í fyrsta lagi að það þurfi að klára hringvegin og fá fleira fagfólk í ferðaþjónustuna á staðnum. Það þurfi að leggja göngustíga við ströndina og setja upp salernisaðstöður þar. Einnig þurfi að tala upp sjávarútvegin og hafa meira úthald í tilboðum á ferðum og afþreyingu og kynna þurfi Reykjanes sem áfangastað en ekki sem strætóstöð.

FÓLK, SAGA OG MENNING

Punktar frá vinnuhópum:

Tónlistarsaga, tónlistarhefð og heimsfrægar hljómsveitir á Reykjanesi. Miðstöð fyrir ferðamenn hjarta í Reykjanebæ, tónleikar allt árið um kring. Safn í kringum tónlistina okkar og tónlistarsöguna t.d. Ellý og Vilhjálmm. Tónlistarapp. Hafnir, your place to compose your music. Spil tengd tónlist.

Hvað skiptir mestu máli fyrir vörumerkið Reykjanes

- Fiskur. Myndir tengdar sjávarútvegi. Síldarvinnsla og síldarárum í Keflavík gerð skil. Sjávarútvegurinn, Bryggjan/löndun/markaðssetja, Sjósókn Fiskur af öllu tagi. Frystihús til sýnis. Sælfiskur. Hvað er hægt að gera meira með sælfisk, tengja það meira inn í menningu Grindavíkur og efla meðvitun um sælfisksöguna.
- Matarmenning. Fiskur/matarmenning – Matarkista- sérhæfing. Matreiða fisk – Kennslueldhús
- Hörð náttúra mótun mannlífs út frá henni. (Sagði frá því: Fór með hóp Finna út á Reykjanes, sú ferð var þriðja mesta upplifun hans fyrir utan giftingu og fæðingu barns. Upplifunin var svo sterka að upplifa jörðina, sjá jörðina. Engin tré skyggðu á né neitt annað í náttúrinni og hann upplifði jörðina svo sterkt).
- Markaðssetning á hreyfingu, göngustígar, Reykjanes á iði.
- Jarðvangur – náttúruferðamennska, jarðorka Saga orkunotkunar. Fremst meðal þjóða í nýtingu. Reykjanes orkan og náttúran.
- Rithöfundar á Reykjanesi, markaðssetning.
- Erum með hátíðir í gangi, má fjölga á dauða tímanum, Auka viðburðarflórunna, Meira líf og sýnileika í menningarlífinu. Erum með góða aðstöðu til gistinga, ráðstefnuhalds og til móttöku ferðamanna. Byggja á því.
- Skerpa fókussinn á helstu miðbæjarkjarna.
- Kirkjumenning/Vitar
- Til staðar, frábært húsnæði til ýmissa upptöku.
- Landnámið, Saga. Hér má finna ekta fornminjar um elstu byggð á Íslandi

- Kynning á hugtakinu Reykjanes.
- Kynnina Reykjanes sem eitt svæði
- Bæjar og menningarhátíðir, fjölga. Sameiginleg kynning. Fjölga vetrarverkefnum
- Herinn. Ferðapjónustuverkefni, Keflanding. Herminjasafn. Minjar og minningar. Tengt kalda stríðinu
- Norðurljósaferðamennska.
- Söfnin, sameina söfn á Reykjanesi út frá sérstöðu.
- Fjölmennning. Virkja fólk af erlendu bergi brotið til að taka þátt.
- Virkja íbúa. Án þeirra er þetta ekki hægt.
- Öflug menningarstarfsemi, byggð á fagmensku.

Hvaða leiða eða sértækra aðgerða þarf að grípa til þess að ná fram því sem mestu máli skiptir

Vantar að tryggja ákveðna verkefnastjórnun í öllum verkefnum sem hrint verður á stað, sem tilheyrir Markaðsstofunni.

FÓLK SAGA OG MENNING SAMANTEKT

Það sem helst var talið skipta máli tengt menningu á Reykjanesi var tónlist og fiskur og ýmsar hugmyndir tengdar því. Það var t.d. talað um að Reykjanesbær setji upp safn í kringum tónlistina og tónlistarsögu svæðisins, það þurfi að halda fjölbreytta tónleika allt árið um kring t.d. útitónleika á fallegum stöðum eins og við vita, kirkjur, hella, um borð í bátum og fleira. Einnig var bent á möguleikann á að gera tónlistarapp og bjóða upp á tónlistarupptökur þar sem ferðamenn spila eða syngja og geta deilt á samfélagsmiðla sem og að markaðssetja lagið suðurnesjamenn fyrir Reykjanesið auk þess gera tónlistartengda minjagripi eins og spil.

Fiskurinn var ofarlega í huga og talað um að öll þjónustan ætti að vera tengd sjó og sjávarútvegi og efla meðvitund um saltfisksöguna í Grindavík og það þurfi að gera síldarárunum í Keflavík skil. Það þurfi að koma á samstarfi við útgerðaraðila um tímarsetningar á löndun þannig að hægt sé að sýna bryggjuna, löndun og frystihús. Ná samstarfi við veitingarstaði á Suðurnesjum um sérhæfingu í sjávarréttum og að besti ferski fiskurinn verði fáanlegur á Reykjanesi og það verði þekkt fyrir það. Að auki að það væri hægt að bjóða upp



á kennslueldhús þar sem ferðamönnum væri boðið að elda og handera íslenskan ferskan fisk um leið og þeir væru fræddir um sögu svæðisins tengda sjávarútvegi. Einnig að mikilvægt væri að virkja Bátasafnið, Víkingaheima, Stakkavík, Byggðasafnið í Garði og 13 vita ásamt fleirum verkefnum þar sem fiskur er þemað.

Einnig var bent á hráa náttúruna og upplifunina af henni, jarðsöguna og orkuna, landnámið og minjar tengt því, menningarhátíðir það þurfi að auka viðburði á dauðum tímum en gott húsnæði sé fyrir hendi í því sambandi. Hægt sé að setja upp pakkaferðir t.d. vita og menningarferðir um Reykjanesvita og fleiri vita, kirkjumenningu, söfn og hugmynd um að setja upp herminjasafn með áherslu á kalda stríðið.

FLUGVÖLLURINN OG NÁLÆGÐIN VIÐ REYKJAVÍK

Punktur frá vinnuhópum

Fókus á markaðssetningu gagnvart erlendum ferðamönnum, nýting/bæting á því sem er nú þegar til staðar og nýjar hugmyndir um hvað við getum gert betur. Hvað höfum við umfram önnur svæði sem við getum selt ferðamönnum tengt flugvellinum og nálægðinni við höfuðborgina?

Hvað skiptir mestu máli fyrir vörumerkið Reykjanes

Styrkleikar

Nálægð við höfuðborgina.

Þægilegur og aðgengilegur flugvöllur. Hliðið inn í Ísland: öflug tenging við ferðamenn, flugið og heimsbyggðina.

Einstök afþreying, saga og náttúra á svæðinu í kring; herstöðin, sjávarútvegur, fuglaskoðun, Gunnuhver, Krísuvík, Hljómahöllin, brú milli heimsálfa, Bláa Lónið, o.fl.

Stuttar vegalengdir, þ.e. hægt að sjá mikið af því sem Ísland hefur upp á að bjóða á stuttum tíma.

Veikleikar

Nálægð við höfuðborgina: of margir fara í gegnum svæðið án þess að nýta þá þjónustu sem er til staðar. Heitið á flugvellinum. Eru ferðamenn að lenda í Reykjanesbæ eða Reykjavík?



Vantar gistirými og samgöngumiðstöð (kjarni bæjarins um víð og dreif), lélegar innri samgöngur og merkingar.

Ógnanir

Höfuðborgin trekkir að. Reykjavík „rænir“ alþjóðaflugvellinum og Bláa Lóninu af Reykjanesinu. Leigubílstjórar tala niður svæðið. Of mikil kynning á svæðinu þarf að vera vel undirbúin, t.d. stígar, gistirými og salernisaðstaða.

Tækifæri

Hvað er unique sem lætur ferðamenn byrja og enda ferðalagið hér.

Marketing: Kynna betur Reykjanesið á netinu við skoðun/bókun, á flugvellinum og innan Reykjavíkur. Út af hverju eiga ferðamenn að koma hingað? Hver er okkar sérstaða? Einföld og stutt skilaboð um það sem er í boði á svæðinu.

Explore the gate to Iceland.

We are your first, your last, your everything. Reykjanes -

Your journey begins here... Reykjanes., Relax when you depart. Reykjanes. In a hurry? Explore most of Iceland wonders within... Reykjanes. „Endurheimta“ flugvöllinn og Bláa Lónið sem hluta af Reykjanesinu og því sem er í boði þar. Breytinga er þörf á nafninu á flugvellinum! Fá hina almennu ferðamenn til þess að gista lengur á svæðinu. Hvernig náum við betri tengingu á milli gesta í Bláa Lónið og við Reykjanesið? Gestir þurfa í dag að bíða eftir að komast í Lónið á álagstíma. Hvað geta þeir gert í kring á meðan? Markhópurinn kannski þeir sem eru að koma í annað sinn? Erlendir ferðamenn sem eiga leið í gegnum landið með stuttu stoppi, t.d. fundaraðstaða og skoðunarferðir. Er hægt að veita flýtipassa inn fyrir þá sem millilenda og hafa tíma til þess að fara út fyrir flugvöllinn? Fjölgun flugferða allan sólarhringinn. Nýtt terminal eða tilfærsla smátt og smátt á flugvellinum nær Ásbrú í tengingu við ný tækifæri á því svæði. Bæta innra samgöngukerfi (KEF – BL - RVK), koma á alvöru samgöngumiðstöð og innanlandssamgöngu að hluta til í flugi, bæta við gistirýmum (lúxusgistingu), merkingum (upplýsingaskilti á vellinum), salernisaðstöðu í náttúrunni og útbúa afþreyingu sem sker sig úr á lands- og heimsvísu. Early check-in á hótél við komu að morgni.

Herstöðin: kynning á því sem fór hér fram áður (safn?). Bandaríkjamenn heimsækja landið í miklum mæli. „Herlið" sem kynnir Reykjanesið á flugvellinum við komu. Topp 10 í afþreyingu eða skrítnir hlutir sem hægt er að gera á svæðinu. Takmarkað framboð! Sæktu um og þú gætir fengið aðgöngu. Tenging við Social Media þar sem teknar eru myndir/video (t.d. Instagram) af fólki skylmast á Víkingasafninu, taka upp lag í Hljómahöllinni og elda íslenskan fisk í Vitanum. Þörf á því að tala af meiri virðingu um svæðið: fræðsla fyrir heimamenn um hvað er í boði, einnig aðila eins og leigubílstjóra. Foreldrar kynna svo svæðið fyrir börnunum sínum á jákvæðan hátt. Koma á einhverskonar leikjum á milli áhugaverðra staða, t.d. ratleik. Hvernig er hlutum háttað erlendis á alþjóðaflugvöllum sem eru fyrir utan stórborgir en í nánd við þær?

FLUGVÖLLURINN OG NÁLÆGÐIN VIÐ REYKJAVÍK SAMANTEKT

Það sem helst var talið skipta máli tengt flugvellinum og nálægðinni við Reykjavík var að kynna betur Reykjanesið sem áfangastað og benda á þá þætti sem gera Reykjanesið sérstakt, finna þessa sérstöðu og vinna út frá henni með kynningu t.d. við bókun ferða, í flugstöðinni sjálfri og í Reykjavík og bent á dæmi í því sambandi með setningu eins og "Explore most of Iceland wonders within... Reykjanes." Einnig var lögð áhersla á að „Endurheimta" flugvöllinn og Bláa Lónið sem hluta af Reykjanesinu og tengja gesti Bláa Lónsins betur við aðra afþreyingu á Reykjanesinu. Hugmyndir komu upp um að útbúa flýtipassa inn á Reykjanesið fyrir þá sem eru að millilenda og hafa tíma til að fara út fyrir flugvöllinn. Auk þess að bæta innra samgöngukerfi (KEF-BL-RVK) og koma á alvöru samgöngumiðstöð, auka gistirými og hafa Early check in á hótelum við komu. Bent var á að Bandaríkjamenn heimsæki Ísland í miklu mæli og það væri þörf á að setja upp herminjasafn. Einnig þurfi að endurskoða nafið á flugvellinum og að tala þurfi af meiri virðingu og jákvæðni um svæðið og fræða heimamenn t.d. leigubílstjóra um hvað er í boði. Nálægðin við Reykjavík var bæði talin veikleiki og styrkleiki.

HEILSA OG VELLÍÐAN

Punktur frá vinnuhópum:

Hvað skiptir mestu máli fyrir vörumerkið Reykjanes heilsu og vellíðan?

- Bláa lónið er segull á svæðinu. Það eru tækifæri til að búa til aukaafurð í tengslum við það, virkja tengda þjónustu í heilsu og vellíðan.
- Kísill, þörungur og vinnsla með það. Notað í meðferðir og til lækningar. Mikið unnið með virk efni til snyrtivöruframleiðslu (trúlega mesta framleiðsla á íslenskum snyrtivörum á Reykjanesi)
- Hreint loft og tært. lítil mengun. Umræða um svifryksmengun í Reykjavík. Erlendir aðilar sem búa við verri aðstæður njóta þess að geta andað að sér fersku sjávarlofti. Við áttum okkur ekki á því hversu gott loftið er á svæðinu (þó það sé oft hreifing á því). Tengdist inn í umræðu um að selja þá þjónustu sem er á svæðinu. ÍAK hjá Keili. Selja sig og svæðið sem ákjósanlegan stað til að mennta þjálfara, gott umhverfi, ferskt loft ofl.
- Orkulindir - skipulagðar ferðir inn á svæðið til að gefa fólki tækifæri til að ná sér niður, slaka á og komast í tengsl við náttúruna.
- Spa og meðferð - Bláa lónið býður uppá þjónustu þessu tengdu. Heilsuhótelið einnig. Á svæðinu er mikil þekking og þjónusta þar sem boðið er uppá heildstæðar lausnir fyrir gesti.
- Detox- Íslendingar fóru út til póllands en koma útlendingar til landsins
- Góð aðstaða til að skoða Norðurljós, hægt að tengja við heilsu og vellíðan. Tækifæri til að bæta upplifun ferðamannsins með því að bæta inn í ferðina að fara í sund/heitapottinn og skoða Norðurljósinn. Norðurljósinn eru hluti af því að fá fólk til að hægja á og njóta.
- Suðurnesjamenn eru framarlega í íþróttum og aðstaða eftir því. Mjög góð aðstaða til að iðka og stunda hvers konar íþróttir. Hægt að nýta þekkinguna á svæðinu, einkaþjálfarar og fl. Og taka á móti mótum, sérhópum, workshops ofl. Nýta uppgang í heilsuefningu, biggest loser (sem verið er að taka upp á svæðinu) ofl. til að byggja utaná.

- Strandstangaveiði - Ekki verið stunduð að miklu marki en skoða þarf möguleika svæðisins. Aðgengi að ströndu er mjög gott, stutt í alla þjónustu, þekking er til staðar og væri hægt að útfæra betur í samstarfi við veitingastaði. Þú veiðir, við matreiðum.
- Reykjanes býður uppá fjóra mjög góða golfvelli. Þeir eru styrkleiki. Fjarlægðir stuttar, mikil gæði og gott verð. Hægt væri að bjóða uppá pakkaferð á alla vellina með samstarf milli golfvallanna + þjónusta. Mögulegar golfferðir.
- Reykjanesið býður uppá mikla möguleika í útivist. Góðar gönguleiðir og stígar hafa verið byggðir upp og merktir. Þeir eru mjög aðgengilegir og krefjast ekki mikillar útbúnaðar, frekar léttar leiðir. 25 helstu leiðirnar eru 390 km. byggja upp og nýta stíga og leiðir sem eru til staðar.
- Tenging þannig að hægt væri að hjóla hring á Reykjanesskaganum án þess að vera of mikið á þjóðveginum. Ná samstöðu á svæðinu um að vinna þetta saman.
- Kayak sjórinna og gott aðgengi að honum er vannýtt.
- Keilir býður uppá nám á heimsvísu í ÍAK - einkaþjálfaranum. Tengist fræðsluferðapjónustu en það er styrkleiki svæðisins. Þeir bjóða einnig uppá nám í ævintýra ferðamennsku í samstarfi við Thomson Uni í Kanada. Viðurkennt nám sem er mjög vinsælt og erlendir aðilar leitast við að fá að takast á við íslenskar aðstæður.
- Afþreying tengd heilsu: golf, sundlaugar, gönguferðir, hvalaskoðun, fuglaskoðun, hjólreiðar.
- Í sandvík væri hægt að byggja upp aðstöðu fyrir ylströnd.
- Möguleikar til að byggja upp aðstöðu til brimbrettaiðkunar.
- Sjórsund - Góð aðstaða og aðgengi að sjónum.
- Möguleiki að kaupa heilsukort á Reykjanesi / sund og safnakort/ samstarf þjónustuaðila. Sala í gegnum Keflavíkurflugvöll og ferðaskirfstofur.
- Margar góðar gönguleiðir á svæðinu. Strandlengjan óplægður akur, hægt að virkja og tengja við útivist. Gönguleiðir með ströndinni. Ströndin tengist einnig vellíðan þar sem fólk leitast eftir kyrrð, jafnvægi og staðsetningu til að hreinsa hugann. Gott tækifæri.
- Aðgengi að strandlengjunni er mjög gott og getur nýst í hvers konar vöruþróun á svæðinu tendri heilsu og vellíðan. Ferðamenn leitast eftir því að komast að ströndinni, heyra og finna fyrir briminu og finna allt þetta ferska loft leika um vitin.

- Atvinnulíf á Reykjanesi einkennist af sjávarútvegi. Aðgengi að góðu hráefni er til staðar og veitingastaðir nýta það. Tækifæri í markaðssetningu ekki nýtt.
- Margir veitingastaðir reyna að móta sér sérstöðu t.d. með því að nýta fiskinn. Það er tækifæri að auka heilsutengingu inn í veitingahúsin samfara allri heisluefningu á svæðinu. – Kennslueldhús
- Möguleiki að nýta styrkleika tengt íþróttum og heilsu og tengja saman við umhverfið. Kallar á samvinnu þjónustuaðila.
- Viðburður á heimsvísu. Samstarfsverkefni þjónustuaðila á svæðinu.
- Utanvegahlaup - nýta alla þær góðu leiðir sem hafa verið byggðar upp á síðustu árum.
- Þríþrautarhringur T.d. Garður, Sandgerði, Keflavík - hlaupa, hjóla, sjósund. Nýta styrkleika svæðisins og búa til viðburði sem vekja athygli.
- Flekaskilin - einkennandi fyrir svæðið, væri hægt að nýta betur með því að tengja gönguleiðir í kringum það.
- Heilsuratleikur- vara sem hægt er að selja og byggir á styrkleikum svæðisins. Ratleikur um Reykjanesið þar sem fléttast inn; hjólreiðar, sund, ganga, hlaup, sjóstöng og.
- Strandarhlaup -tenging við vitana /sjóinn

HEILSA OG VELLÍÐAN SAMANTEKT

Það sem helst var talið skipta máli tengt heilsu og vellíðan var að Bláa lónið virkaði eins og segull á svæðinu og það væru tækifæri til að búa til aukaafurð í tengslum við það með því að virkja tengda þjónustu í heilsu og vellíðan. Bent var á að á svæðinu væri mikil heilsutengd þjónusta þar sem gestum er boðið uppá heildstæðar lausnir í meðferðum, til lækninga og vellíðan. Bláa lónið býður uppá þjónustu þessu tengdu. Heilsuhótelið einnig. Það væri því mikil þekking til staðar til þess að bjóða upp á heildstæðar lausnir fyrir gesti. Einnig var vikið að því að Reykjanesið hafi fjóra góða golfvelli á svæðinu sem byði upp á möguleika á pakkaferð á alla vellina með samstarfi milli golfvallanna. Auk þess að Reykjanesið bjóði uppá góða möguleika til útivistar og hægt væri t.d. að setja saman heilsupakka, ferð um Reykjanesið þar sem innfalið væri mismunandi erfiðleikastig affreyningu og útivistar og þjónustu. Einnig væru möguleikar á því að bjóða upp á sundferðir á kvöldin og nýta sér að það er lítil ljósmengun á Reykjanesi og sund og

norðurljós gætu farið saman. Að lokum var talað um að styrkleiki Reykjaness í matarhefð væri gott aðgengi að fiskinum. Mikið af fjölbreyttum veitingahúsum og með þeirra þátttöku væri hægt að efla matartengda þjónustu. Eitt af því væri að ferðamaðurinn veiði sjálfur og veitingastaðurinn vinni afurðina. En mikilvægast væri þó að hugsa þurfi um Reykjanesið sem eitt svæði til að selja ferðmönnum.

JÖRÐ OG ORKA

Punktar frá vinnuhópum:

Við erum íbúar í Geopark – What does it mean? – Fyrir íbúa? – Fyrir ferðamann?

Hvernig ferðumst við milli staða?, Hvernig hugum við að sorpmálum? Heildarhugsun þegar kemur að sjálfbærni, Fá fólkið með, horfa til lengri tíma en til 5 ára.

Hvað skiptir mestu máli fyrir vörumerkið Reykjaness?

- Samvinna milli ferðapjónustuaðila t.d. þegar kemur að ferðum – Skipulag og samvinna
- Auka þekkingu heimamanna á svæðinu
- Auka þekkingu starfsfólks í ferðapjónustu – ber þá meiri virðingu fyrir svæðinu
- Vantar merkingar á svæðinu, bílar stopp út í kanti
- Meira inn í grunnskólana, átthagafræði um Reykjaness
- Grænt, þurfum að vera duglegri að koma á framfæri hvernig við nýtum endurnýjanlega orku – erum orðin samdauna
 - Tækifæri í náttúrupassa
- Náttúrutúlkun, kynna fyrir fólki náttúruna, eldvirkni o.fl.
 - Kenna fólki hvernig á að ganga um, byrja í skólunum
 - Gæti komið eldgos á Reykjanessinu á næstunni
- Náttúruverndin, passa uppá að skemma ekki svæðið með m.a. mannvirkjum og passa upp á að stýra flæði um náttúruperlur
 - Ferðapjónustan fái að koma að skipulagsmálum á öllu svæðinu
 - Vitundarvakning hjá yfirmönnum á svæðinu,
 - Stígar og stígakerfi, Seltún, stígarnir ekki girtir af
 - Náttúuspjöll er ekki hægt að vinna til baka

- Brú milli heimsálfa, vel unnið
- Hreinleiki, farið miður í umgengni um landið, m.a. rusl
- Einstakt hellasvæði, er annar jarðvangur í heiminum með svo marga hella?
- Ljósmyndaferðir
- Upplýsingaflæði og aðstaða, s..s merkingar
- Tengja okkur meira við Bláa Lónið
- Leggja meiri áherslu á vita, ströndina, nýtingu á sjávarfangi o.s.frv.
- Hafa meiri trú á stöðunum okkar, getum við vísað fólki á alla staðina okkar?
- Hringir, njóta tímans og stoppa, einfaldleikinn, ekki bara keyra frá A til B
 - Helgarferðin, hægt að kenna börnum í leiðinni jarðfræði
 - Njóta, ekki þjóta
 - Staldrðu við í lífinu en ekki vera leita að einhverju öðru
- Bæjarfélögin vantar framtíðarsýn, stór sýn fyrir svæðið, meiri metnaður
- Ný kynslóð gerir meiri kröfur
- Íbúar í jarðvangi, skyldur sem því fylgja og það sé markaðsett gagnvart ferðamanninum
- Græn nálgun (sjálfbærni)
- Andstæður, fjölbreytt og litríkt landslag
- Eyrún, Byggðasafnið í Garði
- VikingGuide – Hótel Keilir
- Vitarnir á Garðskaga og Reykjanesvita
- Stoppa byggingu álversins
 - Álver í sögulegu lágmarki og kemur ekki til með að breytast
 - Kemur í veg fyrir hreina ímynd
- Eini staðurinn á jörðinni þar sem úthafshryggur kemur á land með flekaskilum
 - Brú milli heimsálfa
 - Fræðsla mjög mikilvæg, með kynningarefni, á internetinu í dag
 - Safn, sýning Kvikan, Orkuverið Jörð (lokað um helgar),
- Orkan sýnileg við Gunnuhver
- 100 gíga garðurinn
- Fallegir staðir í hrauninu

- Hrauntraðir
- Geocooking, brauðbakstur, súpa,
- Þjónustumiðstöð við Valahnúk
- Nauðsynlegt að tala við agenta í Reykjavík
- Fræðsla inn á við mikilvæg, meira en körfubolti og FM95Blö
- VolcanoLand
- Ekki hægt að stuðla að náttúruferlu ef iðnaðurinn er sýnilegur
- Hagsmunaaðilar of tengdir inn í pólitík og þora ekki að segja neitt
- Kynnast betur innbyrðis, t.d. söfn og sýningar
- Norðurljós
- Myndir selja
- Fjölskylduvænt svæði
- Rómantík
- Fundarsalir í nálægð við óbeislaða náttúru
- Infrastrúktur í ágætu standi en samgöngur lélegar
- Vantar merkingar
- Vantar app fyrir svæðið
- Trans-Atlantic flight – afþreying o.fl.
- Keflavík verði aðal-hubb fyrir Grænland í staðin fyrir Reykjavík eða Kaupmannahöfn
- Víkingagarður
- Hægt að fara uppá Keili eða önnur fjöll

Til hvaða leiða, eða sértækra aðgerða, þarf að grípa til þess að ná fram því sem mestu máli skiptir og hverjar eru helstu hindranir?

- Íbúar í jarðvangi, skyldur sem því fylgja og það sé markaðsett gagnvart ferðamanninum
 - Allar sveitastjórnir
 - Einstakt náttúruundur á svæðinu og hvernig íbúar lifa á svæðinu og hvernig við þjónum honum sem ferðamanni
 - Náttúrupassi
 - Við viljum læra, upplýstir ferðamenn

- Vantar safn um jarðfræði svæðisins
- Virkja íbúana, hafa trú á sjálfum sér og svæðinu sínu
- Sveitarfélögin verða að vinna saman
- Græn nálgun (sjálfbærni)
- Andstæður, fjölbreytt og litríkt landslag
 - Ljósmyndarar
 - Allir sem koma til Íslands gera það til að skoða náttúruna
 - Upplýsa betur um hvað er á Reykjanesi
 - Einstakt göngusvæði plús miklu fleira (samanburður við Borgarfj. eystri)
 - Okkur vantar skipuleggjendur á Reykjanesi
 - Megum ekki vera of gráðug, upplifðu að vera einn með stýrðu flæði
 - Greinin þarf að þroskast á svæðinu

JÖRÐ OG ORKA SAMANTEKT

Það sem helst var talið skipta máli tengt jörð og orku var að ná samvinnu milli ferðapjónustuaðila og auka þekkingu heimamanna á svæðinu og starfsfólks í ferðapjónustu sem hefði áhrif á meiri virðingu fyrir svæðinu. Einnig að það þurfi að hafa meiri trú á stöðunum okkar. Það þurfi að uppfræða grunnskólanemendur betur um áttaha og eldvirkni á Reykjanesi og vera duglegri að koma á framfæri hvernig við nýtum endurnýjanlega orku. Bent var á að Reykjanes væri eini staðurinn á jörðinni þar sem úthafshryggur kemur á land með flekaskilum en safnið og sýningin Kvikan, Orkuverið Jörð sé lokað um helgar sem þurfi að bæta úr. Auk þess mikilvægt væri að passa uppá að skemma ekki svæðið með m.a. með mannvirkjum og stýra flæði um náttúruperlur en ekki sé hægt að vinna til baka náttúruspjöll. Mikilvægt væri að ferðapjónustan fái að koma að skipulagsmálum á öllu svæðinu. Merkingum á svæðinu þótti ábótavant og bent á að það þurfi að bæta stíga og stígakerfi. Auk þess var bent á að á Reykjanesinu væri einstakt hellasvæði, þar væru andstæður í landslagi sem væri bæði fjölbreytt og litríkt. Það þurfi að leggja meiri áherslu á vita, ströndina, nýtingu á sjávarfangi o.s.frv. og setja þurfi upp hringferðir þar sem lögð væri áhersla á að njóta tímans og mögulegt væri að gera sérstakar ljósmyndaferðir. Auk þess þurfi að tengja betur við Bláa Lónið og stoppa byggingu álversins, álverð væri í sögulegu lágmarki og komi ekki til með að



breytast en álverið komi í veg fyrir hreina ímynd svæðisins. Matargerð kom einnig við sögu og bent á möguleika í Geocooking við brauðbakstur og súpugerð.

SKORKORT sjá næstu síðu

